



*Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands*

## Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Fundur 4.-5. október 2021 (104. fundur)

Birt: 20. október 2021

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við lögin hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af fundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Þar koma einnig fram upplýsingar um atkvæði einstakra nefndarmanna.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 4. og 5. október 2021, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum og kynningu þeirra ákvarðana 6. október.

### **I Þróun í efnahags- og peningamálum**

Áður en nefndarmenn fjölluðu um ákvarðanir í peningamálum ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlendan þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá síðasta fundi nefndarinnar 25. ágúst 2021.

#### **Fjármálamarkaðir**

Frá fundi peningastefnunefndar í ágúst hafði gengi krónunnar hækkað um 0,6% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Á milli funda nam hrein gjaldeyrissala Seðlabankans 21 m. evra (3,2 ma.kr.). Þar af námu gjaldeyriskaup í inngrípum 9 m. evra (1,3 ma.kr.) og gjaldeyrissala í inngrípum 30 m. evra (4,6 ma.kr.). Hlutur Seðlabankans var um 9,6% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans hafði aukist frá fundi nefndarinnar í ágúst. Raunvextir bankans voru -2,2% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs eða 0,3 prósentum hærrí en rétt fyrir birtingu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í ágúst. Miðað við ársverðbólgu voru þeir -3% og höfðu hækkað um 0,1 prósentu á sama tímabili.

Vextir á millibankamarkaði með krónur hækkuðu í takt við hækkingu meginvaxta í ágúst en engin velta var á markaðnum á milli funda. Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hafði hækkað um 0,4 prósentur frá fundinum í ágúst en krafa lengri verðtryggðra ríkisbréfa hafði lítið

breyst. Þá höfðu meðalvextir óverðtryggðra íbúðalána hækkað lítillega í kjölfar hækkunar meginvaxta í ágúst.

Skammtíma vaxtamunur miðað við þriggja mánaða millibankavexti jókst um 0,3 prósentur á milli funda og var 2,4 prósentur gagnvart evrusvæðinu en 1,8 prósentur gagnvart Bandaríkjunum. Mismunur langtíma vaxta hafði aukist lítillega milli funda og var 4,2 prósentur gagnvart Þýskalandi en 2,5 prósentur gagnvart Bandaríkjunum. Mælikvarðar á áhættuálag erlendra skuldbindinga ríkissjóðs voru nánast óbreyttir á milli funda nefndarinnar. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum var 0,6% og vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldaþréfum var 0,6-0,7 prósentur.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu þess að peningastefnunefnd myndi hækka vexti um 0,25 prósentur. Vísuðu þær til þess að verðbólga hefði reynst meiri og þrálátari á síðustu misserum en vænst var og að það tæki lengri tíma fyrir verðbólgu að ná markmiði á ný. Vísbendingar væru um að innlend eftirspurn hefði tekið kröftuglega við sér og batinn á vinnumarkaði hefði reynst meiri en búist var við. Þá hefði fasteignaverð haldið áfram að hækka hratt þótt áhrif nýlegra viðbragða Seðlabankans ættu enn eftir að koma fram.

Vöxtur víðs peningamagns (M3) hefur verið nokkuð stöðugur undanfarna mánuði og má áætla að ársvöxturinn hafi numið 8,2% í ágúst. Á sama tíma má áætla að ársvöxtur útlána lánakerfisins til heimila hafi verið rúmlega 11% sem er svipaður vöxtur og hefur verið undanfarna mánuði. Útlán til fyrirtækja héldu hins vegar áfram að dragast saman og nam samdrátturinn rúmlega 3% í ágúst.

Úrvalsvisitala Kauphallarinnar, OMX10, lækkaði um 3,3% milli funda nefndarinnar. Velta á aðalmarkaði nam 759 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 86% meiri velta miðað við árið á undan.

### **Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti**

Samkvæmt spá Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem birt var í september, er gert ráð fyrir 5,7% hagvexti í heimsbúskapnum á þessu ári. Það er 0,1 prósentu minni vöxtur en stofnunin spáði í maí. Nærhorfur hafa versnað í nokkrum ríkjum vegna áhrifa af Delta-afbrigði veirunnar og tímabundinna framboðshnökra. Einkum er spáð minni hagvexti í Bandaríkjunum en hagvaxtarhorfur hafa einnig versnað í Kanada, Bretlandi og í Japan. Á móti er búist við meiri hagvexti á evrusvæðinu í ár. OECD spáir hins vegar lítillega meiri heimshagvexti á næsta ári eða 4,5% í stað 4,4% í maíspánni. Verðbólga hefur aukist hratt að undanförunu í Bandaríkjunum, Kanada og í Bretlandi og í nokkrum nýmarkaðsríkjum en haldist lítil í mörgum öðrum þróuðum ríkjum. Að mati OECD skýrist meginhluti aukinnar verðbólgu í G20-ríkjunum undanfarið ár af hækkun hrávöruverðs og alþjóðlegs flutningskostnaðar. Spáð er að verðbólga í þessum ríkjum muni ná hámarki undir lok þessa árs í um 4½% en verði komin í 3½% undir lok næsta árs. Samkvæmt grunnsþá OECD verður verðbólga í G20-ríkjunum 3,7% að meðaltali í ár og 3,9% á næsta ári sem er 0,2-0,5 prósentum meira en búist var við í maí.

Heimsmarkaðsverð á áli hækkaði um 10½% frá ágústfundi peningastefnunefndar og var þá orðið hátt í 50% hærra en í upphafi þessa árs og ríflega 60% hærra en það var áður en farsóttin skall á. Bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli hafi hækkað um 4,7% milli ára í ágúst en á fyrstu átta mánuðum ársins var verðið 2,5% lægra að meðaltali en á sama tíma í fyrra. Heimsmarkaðsverð á Brent-hráolíu hækkaði um 16% milli funda nefndarinnar og var um 83 Bandaríkjadalir á tunnu í byrjun október. Það er um fjórðungi

hærra verð en var fyrir heimsfaraldurinn. Verð á annarri hrávöru hefur hins vegar lækkað lítillega síðan á ágústfundinum.

Halli á vöruviðskiptum Íslands nam 30,6 ma.kr. í ágúst og um 121 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra var 92 ma.kr. halli á föstu gengi. Verðmæti útfluttra vara án skipa og flugvéla jókst um tæplega 21% milli ára á fyrstu átta mánuðum ársins. Skýrist aukningin áfram að miklu leyti af auknu verðmæti ál- og sjávarafurða, þótt dregið hafi úr útflutningsvexti sjávarafurða. Verðmæti vöruinnflutnings án skipa og flugvéla fyrstu átta mánuði ársins var um 25% meira en á sama tíma í fyrra á föstu gengi og hefur verðmæti allra helstu undirflokka aukist áfram frá því á sama tíma í fyrra.

Raugengi miðað við hlutfallslegt verðlag lækkaði um 1,4% milli mánaða í september en var 3,5% yfir meðaltali síðasta aldarfjórðungs og um 7,5% hærra en það fór lægst í október í fyrra. Raugengi á þennan mælikvarða hækkaði um 3,2% á fyrstu níu mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra og má rekja hækkinguna til 1,9 prósentum meiri verðbólgu hér á landi en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands en nafngengi krónu hækkaði um 1,6%.

### **Innlendur þjórðarbúskapur og verðbólga**

Samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofan birti í lok ágúst sl. jókst landsframleiðslan á öðrum ársfjórðungi um 7,3% milli ára sem var nokkru minna samanborið við spána sem birtist í ágústhefti *Peningamála*. Að teknu tilliti til árstíðarsveiflu jókst landsframleiðslan á milli ársfjórðunga um 4,2% eftir samdrátt á fjórðungnum þar á undan. Þjórðarútgjöld jukust um 9,4% milli ára og var meiri vöxtur í flestum undirlíðum en gert var ráð fyrir í ágústspánni að einkaneyslu og fjárfestingu hins opinbera frátöldum. Mest munaði þó um vöxt fjármunamyndunar sem mældist tæplega 26% eða rúmum 9 prósentum meiri en í spá bankans. Helsta skýring á frávikum frá spánni stafar af breytingum sem Hagstofan gerði á aðferðafræði sinni hvað varðar meðhöndlun leigusamninga flugvéla. Breytingin gerði það að verkum að atvinnuvegafjárfesting jókst talsvert meira en gert hafði verið ráð fyrir. Hafði breytingin einnig í för með sér að framlag utanríkisviðskipta til breytingar landsframleiðslunnar var töluvert neikvætt eða sem nam 2,3 prósentum á fjórðungnum en í spánni var gert ráð fyrir jákvæðu framlagi upp á 2,9 prósentur. Fyrir utan breytingar á aðferðafræði sem hafði áhrif til aukningar innflutnings reyndist vöxtur útflutnings minni sem tengdist aðallega endurskoðun á sögulegum gögnum Hagstofunnar.

Á fyrri helmingi ársins mældist vöxtur landsframleiðslu 3,5%. Samkvæmt tölum Hagstofunnar var vöxtur þjórðarútgjalda meiri en gert var ráð fyrir í ágústspá bankans. Útflutningur jókst um 1,6% frá fyrra ári og innflutningur um 8,2% og var framlag utanríkisviðskipta neikvætt um 2,4 prósentur sem er nokkru neikvæðara en í spánni.

Viðskiptahalli nam rúmum 31 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi eða 3,9% af vergri landsframleiðslu en spáð hafði verið 1% afgangi í ágústspánni. Hallinn stafaði að miklu leyti af auknum halla á vöruskiptajöfnuði sem nam tæpum 56 ma.kr. en á móti vó aukinn afgangur af þjónustujöfnuði sem nam rúmum 25 ma.kr. Þjónustuútflutningur jókst um 55% milli ára á fjórðungnum sem skýrist að stórum hluta af auknum tekjum af ferðaþjónustu. Afgangur af jöfnuði frumþáttatekna minnkaði um 11 ma.kr. milli ára og var nokkru minni en búist var við.

Greiðslukortavelta innanlands bendir til þess að eftirspurn heimila hafi aukist á þriðja ársfjórðungi þrátt fyrir að smitum hafi tekið að fjölga á ný síðastliðið sumar. Á undanföllum sex mánuðum hafa útgjöld aukist til flokka sem kalla á nálægð milli fólks og í sumar voru þau komin á svipað stig og fyrir faraldurinn. Frá því að farsóttin hófst hefur verið stöðugur vöxtur í

útgjöldum heimila til varanlegra vara. Sú þróun virðist halda áfram og eru þau útgjöld enn nokkuð yfir því sem þau voru fyrir faraldurinn.

Allar undirvísitölur væntingavísitölu Gallup hækkuðu verulega í september, bæði milli ára og milli mánaða, og hækkaði mat á núverandi ástandi mest en það hefur ekki verið hærra síðan í lok árs 2017. Væntingavísitalan sýnir að bjartsýni neytenda hefur aukist umtalsvert síðan á fyrsta ársfjórðungi.

Samkvæmt niðurstöðum haustkönnunar Gallup sem framkvæmd var í september meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins voru viðhorf fyrirtækja til núverandi efnahagsaðstæðna betri en í sumarkönnuninni. Væntingar stjórnenda til næstu sex mánaða eru hins vegar nokkru neikvæðari en í sumar. Rúmlega 60% stjórnenda telja að aðstæður í efnahagslífinu batni eftir sex mánuði eða nokkru færri en í sumar en um 30% telja að þær verði óbreyttar. Stjórnendur eru nokkru svartsýnni um bæði innlenda og erlenda eftirspurn en í sumarkönnuninni, einkum stjórnendur í verslun og fjármála- og tryggingastarfsemi.

Horfur um afkomu fyrirtækja hafa batnað frá því í vorkönnuninni og tæpur helmingur stjórnenda telur nú að hagnaður verði meiri í ár en í fyrra. Framlegð jókst síðustu sex mánuði hjá flestum fyrirtækjum í könnuninni og rúmlega 40% stjórnenda vænta þess að hún muni aukast áfram næsta hálfu árið meðan 16% telja að hún muni minnka. Þá batna horfur um fjárfestingu milli kannana og er nú útlit fyrir að fjárfesting verði meiri í ár en á síðasta ári.

Árstíðarleiðréttar niðurstöður haustkönnunarinnar sýna að enn er mikill kraftur í vinnuafseftirspurn. Líðlega 35% fyrirtækja vilja fjölga starfsfólki en rúmlega 7% vilja fækka því og munurinn er því jákvæður um 28 prósentur. Þá virðist mönnunarvandi fyrirtækja og geta þeirra til að auka afköst sín hafa versnað frá því í sumarkönnuninni. Um 33% stjórnenda töldu vera skort á starfsfólki sem er 10 prósentum hærra hlutfall en í síðustu könnun. Þá taldi nærri helmingur stjórnenda fyrirtæki sitt í vanda með að mæta óvæntri eftirspurn. Það er 14 prósentum hærra hlutfall en í sumarkönnuninni og hefur hlutfallið ekki hækkað svo snarpt milli kannana áður. Vandur tengdur mönnun starfa og aukinni framleiðslu var mestur í samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu og í ýmissi sérhæfðri þjónustu.

Launavísitalan hækkaði um 0,3% milli mánaða í ágúst og um 7,9% milli ára. Raunlaun voru 3,4% hærri en á sama tíma í fyrra.

Húsnæðisverðvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok september, hækkaði um 1,7% milli mánaða sé litið framhjá árstíðarsveiflu en um 14,7% milli ára. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Þjóðskrá Íslands reiknar út, hækkaði um 1,4% milli mánaða í ágúst að teknu tilliti til árstíðar en 16,4% milli ára. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fjölgaði um 30% á fyrstu átta mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en kaupsamningum um nýbyggingar um 45%. Meðalsölutími íbúða á höfuðborgarsvæðinu í ágúst mældist 1,3 mánuðir og hefur lengst um nærri hálfan mánuð frá því að hann var stystur í mars.

Vísitala neysliverðs hækkaði um 0,47% milli mánaða í september og jókst ársverðbólga í 4,4%. Verðbólga án húsnæðis hjaðnaði hins vegar áfram milli mánaða og mældist 2,9%. Undirliggjandi verðbólga minnkaði líka frá því í ágúst og var 3,7% samkvæmt meðaltali ólíkra mælikvarða.

Hækkun húsnæðisverðs skýrði meginhluta hækkunar vísitölu neysliverðs í september. Einnig hækkaði verð á fatnaði og skóm vegna útsöluloka. Verð innfluttrar vöru í heild hefur hækkað um 2,6% sl. tólf mánuði og hefur dregið úr innfluttri verðbólgu undanfarið. Aftur á móti hefur verð á almennri þjónustu hækkað um 3,8% frá fyrra ári og framlag hennar til verðbólgu smám saman aukist undanfarið misseri.

Samkvæmt haustkönnun Gallup búast stjórnendur fyrirtækja við að verðbólga verði 3% bæði til skamms og lengri tíma. Verðbólguvæntingar þeirra til eins árs lækka frá sumarkönnuninni en

langtímavæntingar þeirra eru óbreyttar. Verðbólguvæntingar heimila til tveggja og fimm ára hækka aftur á móti frá fyrri könnun og nema 3,5%. Einnig hefur verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hækkað frá ágústfundi nefndarinnar og var álagið til tíu ára 3,4% í byrjun október sl.

## II Ákvarðanir um stjórnþæki bankans í peningamálum

Nefndin ræddi taumhald peningastefnunnar í ljósi framvindu efnahagsmála og þess að raunvextir bankans höfðu hækkað frá ágústfundi nefndarinnar. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en nefndin ákvað í ágúst að halda áfram að herða taumhald peningastefnunnar. Á þeim tíma höfðu efnahagshorfur haldið áfram að batna frá fyrri spá bankans en horfur voru á að verðbólga myndi hjaðna lítilla hæggar en gert hafði verið ráð fyrir.

Nefndarmenn ræddu nýbirtar bráðabirgðatölur þjóðhagsreikninga en samkvæmt þeim var hagvöxtur á fyrri hluta þessa árs heldur minni en gert hafði verið ráð fyrir í ágústspá *Peningamála*. Nefndin horfði hins vegar til þess að vöxtur innlendrar eftirspurnar væri í ágætu samræmi við spá bankans. Fram kom að vísbendingar væru um áframhaldandi kröftugan innlandan efnahagsbata á þriðja fjórðungi ársins og að hagvaxtarhorfur fyrir árið í heild hefðu lítið breyst. Einnig taldi nefndin að vísbendingar af vinnumarkaði bentu til þess að efnahagslífið væri að taka hratt við sér.

Nefndin ræddi að verðbólga jókst í september og mældist 4,4%. Fjallað var um að framlag húsnæðisliðarins hefði haldið áfram að aukast og skýrði stóran hluta af ársverðbólgu í september. Einnig kom fram að árshækkun launa væri mikil og verð almennrar þjónustu hefði hækkað nokkuð að undanförunu. Þá horfðu nefndarmenn til þess að undirliggjandi verðbólga hefði hjaðnað áfram þótt hún væri enn nokkur. Fram kom að áhrif tímabundinna framboðstruflana gætu aftur á móti varað lengur en áður var talið en þær hefðu hækkað kostnað við að framleiða og dreifa vörum um allan heim. Bent var á að aukinn alþjóðlegur verðbólguþrýstingur gæti jafnframt leitt til þess að verðbólga yrði þrálátari.

Nefndin taldi að þótt undirliggjandi verðbólga færi minnkandi væri það áhyggjuefni að verðbólguvæntingar virtust hafa tekið að hækka á ný en þó væri of snemmt að segja til um hvort kjölfesta þeirra við verðbólguþrýstingum væri að veikjast.

Nefndarmenn fjölluðu um inngríp bankans á gjaldeyrismarkaði. Inngríp hefðu verið fremur fátíð milli funda og var það mat nefndarinnar að ágætt jafnvægi virtist vera á gjaldeyrismarkaði. Hefði bankinn bæði keypt og selt gjaldeyri í þeim inngrípum sem hefðu átt sér stað undanfarna mánuði í samræmi við stefnu nefndarinnar um að draga úr skammtímasveiflum á gengi krónunnar. Nefndin ræddi einnig þróun raungengis í samhengi við mat á jafnvægisraungengi. Taldi nefndin að það ástand sem hefði skapast í kjölfar efnahagsáfallsins í fyrra þegar gengislækkun krónunnar færði raungengið tímabundið niður fyrir jafnvægisgildi virtist ekki vera lengur til staðar.

Allir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar að hækka ætti vexti bankans og rætt var um hvort hækka ætti þá um 0,25 prósentur eða 0,5 prósentur. Helstu rök sem komu fram fyrir því að taka minna skref voru þau að óvissa um alþjóðlegar efnahagshorfur væri enn nokkur. Jafnframt væri óvissa um þróun á vinnumarkaði. Þrátt fyrir að mikill kraftur hefði verið í eftirspurn eftir vinnuafli frá vormánuðum væri enn nokkur óvissa um hversu varanlegur sá bati væri þegar smám saman yrði dregið úr stuðningsaðgerðum stjórnvalda. Atvinnuleysi gæti þá aukist á ný og enn frekar ef það myndi t.d. hægja á umsvifum í ferðaþjónustu í vetur. Einnig kom fram í umræðunni að líklega mætti skýra hluta verðbólgunnar með tímabundnum þáttum eins og framboðshnökrum erlendis. Jafnframt var bent á að í ljósi nýlegra ákvarðana fjármálastöðugleikanefndar

Seðlabankans um lækkun á hámarki veðsetningarhlutfalls fasteignalána og reglur um hámark greiðslubyrðarhlutfalls lántakenda væri betra að taka áfram varfærin skref þar sem töluverð óvissa væri til staðar um samspil vaxtahækkana bankans og beitingu þjóðhagsvarúðartækja sem þessara. Þá kom fram að miðlun peningastefnunnar væri líklega hraðari nú en áður þar sem lánþegar hefðu í meira mæli tekið óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum undanfarin misseri.

Helstu rök sem fram komu fyrir því að hækka vexti um 0,5 prósentur voru þau að margt benti til þess að efnahagssumsvif hefðu tekið verulega við sér sem birtist m.a. í töluverðum verðhækkunum á fasteignamarkaði, miklum vexti á útlánum til heimila og skorti á vinnuafli í ákveðnum greinum. Bent var á að þriðjungur fyrirtækja ætti í erfiðleikum með að ráða í lausar stöður. Einnig kom fram að hætta væri á aukinni innfluttri verðbólgu á næstu misserum auk þess sem kannanir sýndu að meirihluti stjórnenda fyrirtækja ætti von á því að þurfa að hækka verð á eigin vöru og þjónustu og búast við verðhækkunum frá sínum birgjum. Í því ljósi væri mikilvægt að herða taumhald peningastefnunnar af ákveðni til þess að lágmarka hættuna á að verðbólga yrði enn þrálátari og bregðast af krafti við hækkingu langtímaverðbólguvæntinga.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánum, yrðu 1,5%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 1,25%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 2,25% og daglánavextir 3,25%. Ásgeir Jónsson, Rannveig Sigurðardóttir og Katrín Ólafsdóttir greiddu atkvæði með tillögunni. Gunnar Jakobsson og Gylfi Zoëga greiddu atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra og vildu hækka vexti bankans um 0,5 prósentur.

Fram kom á fundinum að peningastefnunefnd myndi beita þeim tækjum sem hún hefði yfir að ráða til að tryggja að verðbólga hjaðni aftur í markmið innan ásættanlegs tíma.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu

Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, dósent, utanaðkomandi nefndarmaður

Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabankans, sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sat fjöldi starfsmanna Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Á. Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnunefndarinnar verður birt miðvikudaginn 17. nóvember 2021.